Nd. 430. Nefndarálit

um frv. til laga um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og er aðalefni þess það, að flytja hin daglegu störf við skráningu skipa og endurskoðun skipamælinga úr stjórnarráðinu og til skrifstofu skipaskoðunarstjóra.

Telur nefndin rétt, að þessi breyting sé gerð, og hefir hún leitað álits

fjármálaráðherra, en hann telur, að kostnaður við þessi störf þurfi litið eða ekkert að aukast við breytinguna.

Með þessum forsendum leggur nefndin til, að frv. sé samþykkt.

Alþingi, 5. apríl 1930.

Sveinn Ólafsson, form. Sigurjón Á Ólafsson, fundaskrifari. Ólafur Thors.

Ásgeir Ásgeirsson. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.